

(B. XXXVI, 1).

Nd.

85. Frumvarp

tíl laga um bygðarleyfi.

Flutningsmaður: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Enginn má flytja sig inn í framfærsluhjærað, hvort heldur er sveitar- eða bæjarfjélag, nema með samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar í því framfærsluhjæraði, sem hann ætlar að setjast að í.

2. gr.

Heimilt er bæjarstjórnnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í sveitum að ákveða með reglugerð, er stjórnarráðið samþykkir, nánari skilyrði fyrir bygðarleyfi í hlutaðeigandi kaupstað eða hreppi.

3. gr.

Nú sest maður að í framfærsluhjæraði án þess að hafa fengið þar bygðarleyfi, og skal hann þá sæta sektum, alt að 200 krónum. Dvelji hann áfram í framfærsluhjæraðinu án þess að fá þar bygðarleyfi, skal hann sæta sömu sektum árlega. Húsráðandi, húseigandi eða jarðareigandi, sem tekur mann, sem ekki hefir fengið bygðarleyfi, í húsmensku eða leigir honum íbúð, þurra- búð eða jarðarafnot, skal og sæta sektum, frá 200—500 krónum.

4. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numið niðurlag 10. greinar og 11. grein í lögum um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn, 22. nóv. 1907, og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

Greinargerð.

A síðustu árum fer aðstreymi fólks til kaupstaða og sjávarþorpa stöðugt vaxandi. Er þetta jafnhættulegt fyrir sveitirnar, sem missa þannig vinnukraftinn, og fyrir kaupstaðina, sem verða ofblaðnir fólki, svo atvinnuleysi fer þar vaxandi. Í annan stað er hinn stutti sveitfestistími mjög hættulegur fyrir sum framfærsluhjæruð, ef þau hafa engan ihlutunarrjett um það, hverjir setjast þar að. Virðist sanngjarnt, að hvert framfærsluhjæruð ráði sjálft nokkru um það, hverjir verði þar sveitlægir.

Þar sem ástæður fara mjög eftir staðháttum, virðist rjettara að heimila hverju framfærsluhjæruði að setja reglur um skilyrði fyrir bygðarleyfi þar heildur en að ákveða þær nánar í lögum.

Telja má víst, að sveitar- og bæjarstjórnir heiti lögum þessum frjállega og neyti ekki um bygðarleyfi nema brýn nauðsyn sje til.

Rjett virðist, að lög þessi gangi ekki í gildi fyr en eftir næstk. fardaga, svo þau komi ekki í bága við samninga, sem þegar eru gerðir.